

# Nýsköpunar- og listabraut

Brautin er ný og var stofnuð með það í huga að breikka námsframboð skólans og höfða til þess fjölda nemenda sem sækir um skólavist og hefur sérstakan áhuga á listum og (ný)sköpun. Námið samanstendur af kjarnagreinum sem fléttast saman við skapandi greinar, s.s. leiklist, myndlist, heimspeki, skapandi skrif og stafræna hönnun, ásamt viðskiptatengdum greinum.

## Að loknu námi skal nemandi hafa færni til að:

- takast á við frekara nám á háskólastigi á fjölbreyttum sviðum, s.s. í listum og félags- og hugvísindum
- takast á við fjölbreytt störf og verkefni, einkum á sviðum skapandi greina
- tileinka sér fjölbreytta hugsun við lausn mála, hugsun sem er allt í senn, fræðileg, listræn og viðskiptaleg

## Sameiginleg markmið allra brauta eru að nemendur verði færir um að:

- sýna frumkvæði, ábyrgð og umburðarlyndi og beita gagnrýnni hugsun
- meta og skilja menningarleg verðmæti
- gæta jafnréttis á öllum sviðum og efla með sér ríka siðferðisvitund
- meta upplýsingar um samfélagið, umhverfið og náttúruna
- taka þátt í umræðum og rökstyðja mál sitt á málefnalegan hátt
- virða skoðanir annarra og geta leyst verkefni í samvinnu við aðra
- miðla upplýsingum í ræðu og riti, jafnt á íslensku sem og erlendum tungumálum
- geta nýtt sér nýjustu upplýsingatækni til að leysa fjölbreytt verkefni

## Námsgreinar á nýsköpunar- og listabraut eru:

Námsgrein	Ein
Íslenska	21
Enska	15
Íþróttir	6
Tölvunotkun/upplýsingat.	5
Þriðja mál	15
Danska/Norðurlandamál	10
Saga	10
Viðskiptagreinar	10
Lífsleikni	3
Vélrítun	2
Stærðfræði	15
Enska	10
Náttúruvísindi	10
Menning og listir	5
Heimspeki og listir	5
Stafræn hönnun/miðlar	5
Listasaga	5
Lögfræði	5

Nemendur nýsköpunar- og listabrautar geta valið um tvo mismunandi pakka. Hvor pakki er bundið val 30 ein, og að auki velja nemendur fjóra áfanga, 20 ein, sem frjálst val.

### Sviðslistir

Skapandi skrif

Frumkvöðlafræði/fyrirtækjasmiðja

Listir í samfélaginu

Leiklist 1

Leiklist 2

Lokaverkefni: Leikhúsið

Val – 4 áfangar

### Sjónlistir

Skapandi skrif

Frumkvöðlafræði/fyrirtækjasmiðjan

Listir í samfélaginu

Sjónlistir

Hönnun og nýsköpun

Lokaverkefni: Listasmiðjan

Val – 4 áfangar